

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 217/2012****2013/EES/18/13****frá 7. desember 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum (endurútgefin) ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2010/30/ESB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 92/75/EBE ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti 4. liðar (tilskipun ráðsins 92/75/EBE) í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32010 L 0030**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1).“

2. gr.

Texti 11. liðar (tilskipun ráðsins 92/75/EBE) í IV. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32010 L 0030**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1). ⁽¹⁾“

⁽¹⁾ Skráð hér eingöngu í upplýsingaskyni. Um beitingu sjá II. viðauka um tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/30/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), hvort sem ber upp síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 297, 13.10.1992, bls. 16.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.